

Nd.

781. Þingsályktun

um skipun millipinganefndar í tolla- og skattalöggjöf landsins.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

Alþingi ályktar að skipa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi þriggja manna millipinganefnd til að athuga tolla- og skattalöggjöfina og gera tillögur um, hvernig henni megi best haga, svo að hún sje í einu sem einföldust, rjettlátust og hagnýtust, og gefi þó nægar tekjur, sem á eðlilegan og auðveldan hátt geti lagað sig eftir útgjaldaþörfinni.

Nánar til tekið skal verkefni nefndarinnar vera þetta :

- a. Að athuga leiðir til að fækka tollvörum og tolla mestpart hinar ónauðsynlegri vörur, svo að tolla- og skattakerfið verði sem óbrotnast og umsvifaminst og tollheimtan sem ódýrust.
- b. Að athuga, að hve miklu leyti er rjettmætt að fullnægja tekjuþörfinni með tollum og að hve miklu leyti með sköttum, með tilliti til þess, að þeir komi þó sem rjettlátast niður eftir gjaldþoli.
- c. Að athuga, hvernig tollum og sköttum megi svo best fyrir koma, að þeir verki sem minst lamandi á einstaklings- og þjóðarhaginn, en eflí og styðji innlenda framleiðslu í samkepninni við erlenda.
- d. Að athuga, hvort ekki megi afla ríkissjóði tekna án þess að íþyngja gjaldþegnum, svo sem með einkasölu á nokkrum hátolluðum vörnum, eða öðrum þeim vörum, sem hentugar eru til einkasölu, eða á annan hátt.
- e. Að rannsaka, hvort rjettlátlega er skift útgjöldum til opinberra þarfa á milli ríkisins og sveitarfjelaganna, með tilliti til tekjustofna og einnig með tilliti til þess, að gjaldþoli þegnanna sje ekki — vegna almennra opinberra útgjalda — um of misjafnlega íþyngt í hinum innri fjelagsheildum.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.